



SKÓLANEFND GARÐABÆJAR  
B/T KATRÍN FRÍÐRIKSDÓTTIR  
GARÐATORG 7, 210 GARÐABÆR

GARÐABÆR 17. ÁGÚST 2018

LOKASKÝRSLA

# Tæknitröll

Mars 2017

Félagsmiðstöðin Klakinn, Sjálandsskóla

**Verkefnisstjóri:** Helga Vala Gunnarsdóttir, forstöðumaður Klakans



### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

Markmið verkefnisins voru að nemendur skólans yrðu færir að taka að sér tæknimál skólans þegar viðburðir, leikrit og fl. tilfallandi kemur upp. Nemendur mundu læra að vinna með þau tæki sem skólinn og félagsmiðstöðin á og verða með ljósa- og hljóðmál á hreinu. Markmiðið var einnig að fá aðila til að meta tæknimál skólans og bæta við og laga það sem var ábótavant í tækni- og ljósamálum inni í hátíðarsal skólans.

### **Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis**

Auglýst var eftir þátttakendum frá 6.-10. bekk í skólabyrjun 2017 og ákveðnir nemendur hvattir til að taka þátt vegna áhuga sem þeir höfðu sýnt á tæknimálum og vegna félagslegra aðstæðna.

Fáir en áhugasamir nýttu sér kennsluna sem fór fram á sal skólans og hélt forstöðumaður utan um tímana í samvinnu við Gunnar Richardson, Óla Schram tónlistarkennara Sjálandsskóla og tæknimann Klakans Inga Má Björgvinssyni.

### **Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun**

Langan tíma tók að byrja á þessu verkefni vegna erfiðleika með að fá leiðbeinanda. Í fyrstu var ætlunin að hafa námskeiðið stutt og skilvirkt en varð í lengra laginu. Hefði verið gott að klára þetta á styttri tíma.

### **Mat á verkefninu**

Nemendur lærðu á tæki skólans og fengu að taka þátt í stórum tónlistarviðburði og leikriti Klakans og höfðu bæði gang og gaman að.

Þetta verkefni fór fram yfir langan tíma og unnið var með nemendur þegar tækifæri gafst.

Við erum nú komin með nemendur sem hafa áhuga á tæknimálum og við munum geta leyft að taka þátt í viðburðum sem og aðstoðað í starfi skólans þegar viðburðir eiga sér stað bæði á yngri stigi og þeirra eigin. Endurnýja þurfti búnað skólans sem er nú lokið.



**Ráðstöfun styrks þ.e:**

Heildarupphæð styrks: 500.000.-

	Debet	Kredit
Styrkur	500.000	
Matur/snarl		24.000
Tæki		380.000
Tímar verkefnisstjóra og annara starfsmanna (17x 5500)		93.500
Samtals kostnaður		498.500
Eftirstöðvar		0

**Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning**

Ávinningur skólans varð sá að nemendur geta nú sinnt hljóða- og ljósamálum á minni viðburðum og með leiðsögn á stærri viðburðum . Í október byrjar undirbúningur fyrir leikrit Klakans og munum við nýta þá nemendur sem lærðu á tæknimálin í því verkefni.

---

**HELGA VALA GUNNARSDÓTTIR**